

Nd.

## 90. Frumvarp

til laga um jöfnunarsjóð ríkisins.

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson, Sigurjón Á. Ólafsson og Haraldur Guðmundsson.

### 1. gr.

Af tekjum ríkissjóðs á rekstrarreikningi, þá er þær fara fram úr 9½ milljón króna á ári, skal leggja hundraðshluta í sjóð, er nefnist jöfnunarsjóður ríkisins. Sjóðinn skal ávaxta í Landsbanka Íslands.

### 2. gr.

Tilgangur jöfnunarsjóðs ríkisins er að koma jöfnuði á verklegar framkvæmdir ríkissjóðs í landinu og atvinnu við þær frá ári til árs.

### 3. gr.

Þegar árstekjur ríkissjóðs nema meiru en 9½ milljón króna á ári, skal leggja í jöfnunarsjóð ríkisins af því, sem þar er fram yfir, eins og hér segir:

Af fyrstu milljón króna, eða minna, sem tekjur ríkissjóðs fara fram úr 9½ milljón króna, skal leggja 15 af hundraði í jöfnunarsjóð ríkisins. Af næstu tveim milljónum króna, eða minna, skal leggja 25 af hundraði í jöfnunarsjóð, og af því, sem árstekjur ríkissjóðs fara fram úr 12½ milljón króna, skal leggja 35 af hundraði í jöfnunarsjóð.

### 4. gr.

Að fengnum tillögum Alþýðusambands Íslands og stjórnar Búnaðarfélags Íslands skal ríkisstjórnin verja fé til verklegra framkvæmda fyrir ríkissjóð, þegar atvinnubrestur er hjá verkalýð landsins og afturkippur í framkvæmdum atvinnurekenda.

Eftir tillögum sömu aðilja skal og heimilt að veita kaupstöðum og kauptúnum, sem eru sérstakt hreppsfélag, fé úr jöfnunarsjóði til verklegra framkvæmda bæjar- eða sveitarfélags. Skal fjárframlagið notað í samræmi við tilgang jöfnunarsjóðs, sbr. 2. gr., og sé lagt fram að minnsta kosti tvöfalt fjárframlag úr hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði á móti framlagi jöfnunarsjóðs.

### 5. gr.

Reikninga jöfnunarsjóðs ríkisins skal leggja fyrir Alþingi ásamt landsreikningum.

### 6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1932.

### Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi af þingmönnum Alþýðuflokksins í neðri deild, en varð ekki útrætt. Sú breyting er nú gerð á því, að tekjur rikissjóðs, áður en kemur til framlags til jöfnunarsjóðs ríkisins, eru hér settar 9½ millj. króna, í stað 12 millj. kr., en þar sem nú er miðað við tekjur á rekstrarreikningi samkvæmt hinni nýju bókfærslu rikissjóðs, en ekki samanlagðar tekjur eins og fyrr hefir verið gert í fjárlögum, verður um sömu raunverulegu upphæð að ræða, sbr. greinargerð við fjárlagafrumvarpið fyrir 1932. Hinsvegar er hundraðshluti sá, er til jöfnunarsjóðs skal renna, hækkaður nokkuð frá því, sem var í fyrra. Hefði þetta frumvarp verið lög á undanförunum árum, mundu framlögin til jöfnunarsjóðs ríkisins hafa numið:

1925 .....	kr. 1280 þús.
1926 .....	— 175 —
1928 .....	— 450 —
1929 .....	— 650 —
1930 .....	— 1350 —

---

Samtals kr. 3905 þús.

Þá hefði féð verið fyrir hendi á erfiðum árum, svo að hægt hefði verið að koma jöfnuði á verklegar framkvæmdir í landinu og atvinnu við þær frá ári til árs.

Reynslan virðist sanna, að full þörf sé á að hafa lagafyrirmæli um slíkar „fyrningar“ á góðu árunum, ef ekki á að verða „fellir“ í harðindum ríkissjóðsins, og allar verklegar framkvæmdir í voða staddar, en fólkið stendur uppi atvinnulaust, án þess að hið opinbera opni því neinar leiðir til bjargar, aðrar en fátækrastrýkinn.